

36. gr.

223

Endurskoðendum greiðist þóknun fyrir störf sín, samkvæmt reikningi sam- 13. des.
þykktum af sýslunefnd.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. desember 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

224

15. des.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hnífsdalsverzlunarstað,
nr. 34 frá 10. apríl 1935.

1. gr.

Í stað „65 aura“ í 8. gr. komi: 2.00 kr.

2. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hver bátur, sem gerður er út frá bryggjunni, greiði kr. 40.00 árlega fyrir vatns-
notkun og skal gjald þetta greiðast 1. júlí ár hvert.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

225

15. des.

um lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir í Seyðisfjarðarkaupstað skulu vera lokaðar eftir því, sem
ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skulu sölubúðir ekki opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis, og lok-
aðar ekki síðan en kl. 6 síðdegis.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu skal
öllum búðum lokað ekki síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal heimilt að
hafa sölubúðir opnar til kl. 11 að kvöldi.

Á tímabilinu frá 15. maí til 15. sept. skal á laugardögum loka sölubúðum ekki
síðar en kl. 3 síðd.